

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105

Garðabær, 15. október 2023  
Málsnúmer: 202309-0015  
BK/OKV/RT

## Efni: Ljárskógar í Dölum - Skógrækt

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 15. september 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar 5.500 ha skógræktar í landi Ljárskóga í Dölum.

Landeigandi Ljárskóga í Dalabyggð hyggst, í samstarfi við Yggdrasill Carbon ehf., hefja skógrækt á landi sínu og er fyrirhugað skógræktarsvæði um 5.500 hektarar. Markmið verkefnisins eru nokkur: Mikilvægt framlag til loftslagsmála, að búa til beitarskóg, byggja upp skógarauðlind og í kjölfarið, í samstarfi við sauðfjárþændur, græða upp landið.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinargerð um verkefnið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun veitti þann 3. apríl 2023 umsögn varðandi umsókn Yggdrasill Carbon um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Ljárskógum. Var þar um að ræða tæplega 200 ha skógrækt á svæði sem liggur sunnar en svæðið sem hér er til umfjöllunar. Ítrekuð eru skilaboð Náttúrufræðistofnunar að öll skógræktaráform á jörðinni séu skoðuð sem ein framkvæmd.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er á svæði þar sem vænta má mikils þéttleika vaðfugla sem þrífast ekki í skóglendi auk þess sem hluti þess hefur verið skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði fyrir himbrima og álft. Þá eru á svæðinu vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Í ljósi mikils umfangs verkefnisins telur Náttúrufræðistofnun það nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum skógræktaráforma í landi Ljárskóga á fuglalíf, gróðurfar, jarðminjar og landslag.

Meðal annars þarf að leggja mat á búsvæðatap vaðfugla við framkvæmdina og þarf í því sambandi líka að horfa til jaðaráhrifa skóglendis á þéttleika vaðfugla (Pálsdóttir o.fl. 2022). Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir að kortleggja votlendisvistgerðir á svæðinu en kortleggja ætti allar vistgerðir á svæðinu í heild. Verndargildi vistgerða hefur verið metið, meðal annars út frá kolefnisforða, grósku og tegundafjölda (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Stofnunin telur að líta eigi til þess mats við val á svæðum til útplöntunar og hlífa vistgerðum með hátt verndargildi. Þau gögn gætu nýst sem grunnur til að meta kolefnisbindingu sem þegar á sér stað í náttúrulegum vistlendum innan svæðisins. Í framhaldi er mikilvægt að gera mælingar til að sýna fram á þá bindingu sem framkvæmdirnar eiga að stuðla að.

Þá er einnig mikilvægt að lagt sé greinargott mat á áhrif skógræktarinnar á landslag og metin ásýndaráhrif auk þess að skoða hver áhrif framkvæmdarinnar eru á jarðminjar.



Heimildir:

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s. [https://utgafa.ni.is/fjolrit/fjolrit\\_54.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/fjolrit_54.pdf)

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

